

Þingsályktun

**um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar,
Grænland og Ísland.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986.

Samþykkt á Alþingi 5. febrúar 1987.